

Fundur í skólaráði Egilsstaðaskóla miðvikudaginn 17. september 2025 kl. 17:00

Mættir eru: Ragna Sif Sigurdórsdóttir (fulltrúi almennra starfsmanna), Fjóla Margrét Hrafnkelsdóttir (fulltrúi kennara) sem ritaði fundargerð, Jón Magnússon (fulltrúi kennara), Borgþór Geirsson (fulltrúi foreldra), Heiður Vigfúsdóttir (fulltrúi foreldra), Lís Leifsdóttir (fulltrúi grenndarsamfélagsins), Rakel Wíium Ágústsdóttir (fulltrúi nemenda), Gígja Rún Viðarsdóttir (fulltrúi nemenda), Viðar Jónsson (skólastjóri).

1. Starfsáætlun skólaráðs og hlutverk þess. Viðar fór yfir starf skólaráðs og hvað er gert með niðurstöðu fundanna þar sem nokkrir nýir aðilar sitja þennan fyrsta fund skólaráðs þessa skólaárs. Þá var farið yfir starfsáætlun skólaráðsins næsta skólaár en þessa áætlun má finna á vefsíðu Egilsstaðaskóla. Viðar lagði áherslu á að skólaráðið myndi leggja sig fram við að auka aðsóknina á opna fund skólaráðs sem er þriðji fundur ráðsins, en á síðasta skólaári mætti enginn fyrir utan skólaráðið.
2. Skólaárið framundan. Viðar fór yfir skólaárið þar sem hann vék að þeim nýjungum sem hafa verið settar á skóladagatal, svo sem nemendaviðtal í byrjun skólaárs í staðinn fyrir skólaþingi og svo umsjónardagurinn. Þeir sem voru viðstaddir á umsjónardegi sögðu frá sinni reynslu og voru allir ánægðir með daginn. Nemendur fengu að koma með uppástungur af hugmyndum um hvað væri hægt að gera og reyndu kennarar að taka tillit til þeirra sem voru framkvæmanlegar. Tengsladagar eru eina viku í október þar sem Heillasporshópurinn skipuleggur ýmsa litla viðburði dag hvern til að styrkja tengslin. Starfsdagur Múlapings sem er settur inn 21. október á skóladagatali verður ekki sameiginlegur starfsdagur heldur fá skólarnir daginn til sín. Hann verður nýttur til ýmissa verkefna. Það verður reynt að koma á skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk þennan dag en einhver tími er síðan slíkt námskeið var haldið fyrir starfsfólk skólans. Viðar ræddi um styttingu vinnuvikunnar sem hefur verið erfitt að útfæra fyrir kennara, en þau fá að þessu sinni að velja um einn dag sem styttingu. Þá væri útfærð leið fyrir almennt starfsfólk að vinna af sér þá daga sem nemendur eru í jóla- og páskafríum.
3. Öryggismál. Í öryggisráði Egilsstaðaskóla eru Viðar Jónsson, Þórarinn Bjarnason húsvörður, Sigurbjörg Óskarsdóttir skólalíði og Berglind Kjartansdóttir kennari. Það var gerð úttekt er kemur að öryggismálum fyrir skömmu. Það kom meðal annars fram að hljóðvist í matsal væri alls ekki nægjanlega góð. Viðar vonar að það verði farið í einhverjar aðgerðir fljótlega en það verður kostnaðarsamt. Það hafa verið gerðar ráðstafanir í kennslustofum með filterum sem sett eru á vegg. Gerðar voru athugasemdir um leiksvæðið sem Þórarinn húsvörður er að vinna með í samráði við starfsmenn sveitarfélagsins. Brunavarnir komu fyrir stuttu til að fara yfir skólann og gáfu góða einkunn eftir þá yfirferð þar sem staðfest var að búið væri að laga allt það sem áður hafði verið gerðar athugasemdir við. Brunaæfing er áætluð í skólanum með nemendum og starfsfólki þann 1. október næstkomandi. Þá fór Viðar yfir að það þurfi að laga betur aðgengi fyrir hjólastóla en núna þurfa þeir sem ekki komast upp tröppur oft að fara langar aukakrókaleiðir til að komast leiðar sinnar. Spurt var um hvaðan fjármagnið kæmi fyrir framkvæmdum sem þessum og upplýsti Viðar að allt slíkt væri í höndum framkvæmdasviðs sveitarfélagsins. Það væri síðan auðvitað hlutverk skólastjórnenda að forgangsraða þeim verkefnum sem þarf að sinna. Viðar sagði frá hvernig öryggisráðið vinnur eftir þeim atvikaskráningum sem skráðar eru hverju sinni. Það koma ýmis mál inn á þeirra borð sem þarf að huga vel að og finna lausnir á.

4. Sjálfsmatsskýrsla skólaársins 2024-2025 . Viðar fór yfir helstu niðurstöður sjálfsmatsskýrslu síðasta skólaárs. Ákvörðun hefur verið tekin um að allt Múlaping leggi fyrir Skólapúls foreldra og starfsmanna skólanna annað hvert ár. Þannig verði hægt að einbeita sér betur að niðurstöðum hverrar könnunar fyrir sig en þessar kannanir verði teknar sitt hvort árið. Viðar ræddi að það væri mikilvægt að koma niðurstöðum til foreldra enn frekar en hefur verið gert, en hingað til hafa niðurstöður verið aðgengilegar á vefsíðu skólans. Það væri t.d. sniðugt að búa til veggspjald sem væri sent út. Þá kom umræða um að mikilvægt sé að bera árganga á milli ára sem eru að koma mjög illa út úr ákveðnum þáttum, til að sjá hvort það sé hægt að sjá eitthvað mynstur eða miklar breytingar. Þannig væri mögulega hægt að greina frekar hverjar væru orsakir. Fundarmönnum var skipt upp í hópa til að koma með tillögur að úrbótaáætlun varðandi eftirfarandi atriði:

- Leiðir til að auka ánægju af lestri barna í 2. – 5. bekk
- Leiðir til að bæta aga í skólanum
- Afstaða til breytinga á fyrsta skóladegi? Jákvætt/neikvætt.
- Matsferill: Skylda að leggja fyrir í 4. bekk/6. bekk/9. Bekk
- Á að leggja matsferil fyrir alla árganga (4. – 10. bekkur)?

Hóparnir skiluðu inn handskrifuðum tillögum sem farið verður yfir síðar.

5. Önnur mál. Borgþór hóf umræðu um að hreystibraut yrði mögulega sett upp. Það hefur verið veittur styrkur í verkefnið upp á 300.000 kr. Hann vill vita hvort málið verði ekki unnið áfram og spyr um hvaða leiðir sé hægt að fara til að brautin verði að veruleika. Hann segir að minni brautin kosti 11 milljónir en sú stærri 16 milljónir. Viðar kemur til með að athuga hvar málið stendur og hvort að ekki sé hægt að vinna málið áfram.

Fleira var ekki gert.

Fundinum var slitið kl. 18:42